

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um sveit- 143
festi þurfalings. Með brjefi, dagsettu 29. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, 15. okt.
 sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi, þarsem hún áfrýjar
 úrskurði yðar, dags 25. ágúst þ. á., að því leyti sem hann ákveður að Margrjet
 nokkur Jónasdóttir skuli teljast sveitlægt í þjedum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórn-
 arráðið er yður samdóma um að Margrjet Jónasdóttir hafi eigi unnið sjer sveit
 í hinum forna Stokkseyrarhreppi, heldur sje sveitlægt í fæðingarveit sinni Sand-
 víkurhreppi, og skal úrskurður yðar því standa óhaggður.

Úrskurður sýslumanns.

Milli hreppsnefndanna í Sandvíkurhreppi og hinum forna Stokkseyrarhreppi er á-
 greiningur um í hvorum þessara hreppa stúlkan Margrjet Jónasdóttir eigi framfærslurjett.

Margrjet þessi, sem kom frá Eyrarbakka til Reykjavíkur með veikt barn sitt vorið
 eða sumarið 1902, varð þá um haustið að þiggja fátækrastryk í Reykjavík, að upphæð kr.
 57 50 a., sem krafizt er endurgjalds fyrir frá framfærslusveit hennar. Ennfremur hefir fram-
 færslusveit Margrjetar verið krafín um endurgjald fyrir legukostnað barns hennar á Sct. Jó-
 sefsspítala, en barnið var lagt inn á spítalanum 28. febr. 1903 og hefir legið þar síðan.

Eptir skýrslum þeim, sem fyrir liggja, er Margrjet Jónasdóttir fædd í Magnúsfjósum
 í Sandvíkurhreppi 14. des. 1870. Úr þeirri sveit fluttist hún vorið 1891 til Eyrarbakka-
 hrepps (Stokkseyrarhrepps hins forna) og dvaldi þar í samfleytt 9 ár eða til vors 1900, fyrst
 2 ár að Borg og síðan 7 ár í Eyvakoti og Garðbæ á Eyrarbakka, en árið 1900—1901, eða
 10. árið, sem hún hefði orðið að dvelja eða eiga heima í forna Stokkseyrarhreppi til þess að
 vinna sjer þar sveit, virðist eigi verða talið með sveitfestisárum hennar þar í hreppi. Að
 vísu hefir hún skýrt svo frá fyrir rjetti, að hún hafi fengið leyfi Jóns Jónssonar í Steinskoti
 í Eyrarbakkahreppi (forna Stokkseyrarhreppi) til þess að telja þar heimili sitt þetta ár, en
 jafnframt hefir hún borið, að hún hafi hvergi átt ársheimili þetta ár, með því að hún hafi
 eigi treyst sjer til að ílengjast í Steinskoti, eigi dvalið þar eina nótt ög aldrei talið þar heim-
 ili sitt. Jón Jónsson í Steinskoti, sem telur sig fyrirvinnu þar eða vinnumann, hefir kannazt
 við, að Margrjet Jónsdóttir hafi farið þess á leit við sig, að hún fengi að skrifa sig í Steins-
 koti árið 1900—1901, en hinu neitar hann, að hann hafi veitt henni leyfi til þess. Húsmóðir Jóns,
 Margrjet Þóroddsdóttir, búandi í Steinskoti, hefir borið, að Margrjet Jónasdóttir hafi komið á
 heimili sitt vorið 1900 og beðið sig að geyma fyrir sig eitthvað af dóti, sem hún hafði með-
 ferðis, en eigi farið þess á leit við sig, hvorki í það skipti nje endraruær, að fá að telja
 heimili sitt í Steinskoti. Bæði Jón Jónsson og Margrjet Þóroddsdóttir hafa staðfest framburð
 sinn með eiði.

Eptir því, sem þannig er fram komið, hefir Margrjet Jónasdóttir eigi átt heimili í
 Steinskoti 1900—1901, nje annarsstaðar í hinum forna Stokkseyrarhreppi og hefir því eigi
 unnið sjer sveit í greindum hreppi með óslitiumi 10 ára dvöl, og með því að hún hefir held-
 ur eigi unnið sjer sveit annarsstaðar, ber að telja hana sveitlæga í fæðingarhreppi sínum,
 Sandvíkurhreppi og á sá hreppur því að endurgjalda fátækrastryk þann, kr. 57 50, sem hún
 fjekk í Reykjavík haustið 1902 og legukostnað barns hennar á Sct. Jósefsspítala.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um viðaukaembættislán 144
handa Rafnseyrarprestakalli. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverð- 1. nóv.

2. dag desembermánaðar 1904.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

144 ugi herra, í brjefi, dagsettu 20. f. m., og beiðni hlutadeiganda, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess að presturinn að Rafnseyri, sjera Bödvar Bjarnason, taki 600 kr. viðaukalan við embættislan það, er honum var leyft að taka, með brjefi landshöfðingjans til stiptsyfirvaldanna, dagsettu 20. febrúar 1902. með sömu kjörum og aðallánið.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að því viðbættu, að lánið fæst eigi úr landssjóði.

145
2. nóv.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um endurgjald á sveitarstyrk. — Með brjefi, dags. 10. sept. þ. á., hefir hreppsnefndin í Saurbæjarhreppi áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, dags. 2. maí þ. á., sem ákveður að tjeður hreppur skuli greiða Skarðsstrandarhreppi 36 kr. 50 a. til endurgjalds á sveitarstyrk, er hinn síðarnefndi hreppur veitti Helgu nokkurri Gísladóttur á tímabilinu frá 12. nóv. 1902 til 21. júní 1903.

Útaf þessu skal yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar gefið til frekari birtingar að með því að stjórnarráðið er amtmanni að öllu leyti samdóma um þetta mál, skal úrskurður hans standa óraskaður.

Úrskurður amtmanns:

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 29. marz þ. á. og þar með eptiræsktar upplýsingar útaf áfrýjun hreppsnefndarinnar í Saurbæjarhreppi á úrskurði yðar, dags. 20. júní 1903, sem ákveður að nefndur hreppur skuli endurgjalda Skarðsstrandarhreppi framlag hans með gamalmenninu Helgu Gísladóttur, frá 21. júní 1902 til jafnlangdar 1903, að upphæð 60 kr., og eptirað mjer enn fremur hefir borizt brjef hreppsnefndarinnar í Saurbæjarhreppi, dags. 25. febr. þ. á., viðvíkjandi þessu máli, legg jeg hjer með svolátandi úrskurð á það.

Fyrnefnd Helga Gísladóttir, sem er sveitlæg í Saurbæjarhreppi, var í nóvbr. 1902 sögð til sveitar af Indriða Indriðasyni á Ballará í Skarðsstrandarhreppi, sem hún dvaldi hjá, og veitti hreppsnefndin þar henni 60 kr. styrk til framfærslu fyrir tímann frá 21. júní 1902 til 21. júní 1903, en endurgreiðslu þessa styrks hefir hreppsnefndin í Saurbæjarhreppi mótmælt af þeirri ástæðu, að Helga Gísladóttir hefði getað haft athvarf hjá prestinum síra Ólafi Ólafssyni á Staðarhóli og að hreppsnefndin í Skarðsstrandarhreppi hafi vitað af þessu. Enn fremur er sú ástæða tilfærð, að bæði síra Ólafur Ólafsson og sjálfur hreppsnefndaroddivitinn í Saurbæjarhreppi hafi gjört forgefins tilraunir til þess að sækja Helgu Gísladóttur á sumrinu 1902 heim í hrepp sinn, en hún hafi verið ófáauleg til þess að fara.

Þjer hafið rjettilega álitid, að yfirlýsing sjera Ólafs um, að hann vildi framfæra Helgu Gísladóttur væri hreppsnefndinni í Skarðsstrandarhreppi óviðkomandi, og að tilraunir þær, sem gjörðar höfðu verið til þess að sækja hana, gæti eigi valdið því, að Skarðsstrandarhreppur missi rjett sinn til endurgjalds hjá Saurbæjarhreppi, en því hafi alls eigi hafi verið mótmælt, að Helga hafi þurft aðstoðar við annarstaðar að eða verið sveitarstyrks þurfandi. Aptur á móti get jeg eigi fallizt á það, að Saurbæjarhreppur sje skyldur til að greiða alla þá kröfu, sem hann er krafinn um, heldur verður að telja styrkveitinguna frá þeim degi, sem Helga Gísladóttir var sögð og tekin til sveitar 12. nóvbr. 1902 og verður upphæðin þá alls 36 kr.